

hygni og dygð. Orðin: mannást, réttlæti, ráðvendni, sannleiksást, skírlífi, fela í sér mjög aðra hugmynd, heldur en orðin: hygni, forsjálni, hagsýni. Þessar hugmyndir geta verið samferða, en vér blöndum þeim aldrei saman. Þegar vér segjum um einhvern, að hann sé mjög heiðvirður maður, þá meinum vér aldrei með því, að hann sé maður, sem hyggilega er að leita eftir sinni eigin farsæld. Sjálfsselsku athöfn getur verið saklaus, en hún verður aldrei kölluð dygð. Hvar sem vér leitum, hvort heldur hjá sjálfum oss eða öðrum, á fyrri tímum eða nú, í sögu eða í skáldskap, þá verðum vér alstaðar hins sama varir. Að þegar eitthvert gott verk er gert, þá metum vér dygð þess manns, er verkið gerði, í nákvæmu hlutfalli við það, hvort hann gerði það til sjálfshagnaðar eða ekki. Ef vér álitum, að hann hafi gert það í eigingjörnum tilgangi, þá álitum vér það enga dygð, en ef hann hefir lagt eitthvað í sölurnar, þá álitum vér það dygð. Þessi skoðun kemur alstaðar fram. Vér álitum það enga dygð að gera gott, þegar vér eigum von á launum fyrir, og þegar vér höfum gert eitthvað, sem vér álitum að hafi verld skylda vor, og vér höfum gert það án þess að taka vörn eigin hagnað með í reikninginn, þá finnum vér til ánægju yfir því að hafa gert það. En ef vér höfum gert þessa skyldu vora vegna vorra eigin hagsmuna, þá neitar samvizka vor að viðurkenna það sem dygð.

Vér köllum ekki þann mann dygðugann, sem vér vitum að stal aldrei, af því hann var alt af hræddur um, að lögreglan sæi til sín, en hygni getum vér kallað það. Og ekki getum vér heldur kallað það dygð af manni, þótt hann gefi ölmusu tvisvar í viku og greiði tíund af öllu sem hann á, ef vér vitum að hann gerir það vegna þess að hann óttast að fara til helvítis, ef hann ekki geri slíkt, en forsjálni mætti það nefnast.

Locke segir á einum stað: „Ef þú spyr kristinn mann hvers vegna hann haldi orð sín, þá mundi hann svara: „Vegna þess að guð, sem býr á himnum og sem hefir í hendi sér eilífa hegning og eilífa umbun, krefst þess“. Og ef þú spyrð „Hobbi-ista“ (Sjá Thomas Hobbes, Utilitarian) að því, þá svarar hann: „Vegna þess að það er skipað af þjóðfyrirkomulaginu, og eg verð